

9. stjórnarfundur EBAK 3. mars 2021

Mættir: Hallgrímur Gíslason formaður, Torfhildur Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir varaformaður, Sigurður Harðarson, Helgi Aðalsteinsson, Birgir Svavarsson og Friðrik Vagn Guðjónsson. Fjarverandi eru Garðar Lárusson ritari og Eva B. Magnúsdóttir .

Áður en fundur hófst komu nýir starfsmenn Bugðusíðu þær Svandís Ebba og Bryndís Fanný ásamt Bjarka Ármanni og kynntu sig fyrir stjórninni. Stjórnarmenn buðu þau velkomin til starfa.

1. Fundarsetning kl: 13:15

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.

3. Viðvera í Bugðusíðu. Félagsmiðstöðvarnar eru nú opnar til kl. 15.45. Viðveran verður frá kl. 15.00 til 15.45. Torfhildur heldur áfram að taka símann. Næstu miðvikudaga verða til viðtals í Bugðusíðu: 10.mars Birgir og Friðrik, 17. mars Torfhildur og Úlfhildur, 24. mars Eva og Úlfhildur. Í Víðilundi verða til viðtals 17. mars Hallgrímur og Helgi.

4. Næsti stjórnarfundur. Tillaga um 22. mars kl. 10.00 borin upp og samþykkt.

5. Frá síðasta stjórnarfundu:

a) Aðgerðaráætlun: Starfshópurinn hefur verið skipaður. Frá frístundaráði þau Bjarki Ármann Oddsson og Eva Hrund Einarsdóttur, frá velferðaráði Heimir Haraldsson, frá heimaþjónustu Bergdís Ósk Bjarnadóttir og frá öldungaráði Sigríður Stefánsdóttir. Stjórn EBAK mun fylgjast náið með störfum hópsins.

b) Félagsmiðstöðvar: Föstudaginn 26.febrúar s.l. var síðasti starfsdagur hjá starfsmönnum félagsins í Bugðusíðu og mánudaginn 1. mars tóku starfsmenn Akureyrarbæjar við. Hallgrímur og Torfhildur mættu í Bugðusíðu á föstudaginn og færðu starfsstúlkunum kveðjugjöf f.h. stjórnarinnar, blóm og gjafabréf.

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi í Bugðusíðu. Nýr samningur félagsins við Akureyrarbæ er í farvatninu.

c) Ársskýrsla til LEB: Formaður hefur tekið saman ársskýrslu félagsins og sent til LEB.

6. Undirbúningur aðalfundar:

a) Tillaga uppstillinganefndar um aðila í stjórn og nefndir lögð fram. Samþykkt að tilnefna Friðbjörgu Finnsdóttur og Karl Erlendsson í uppstillinganefnd.

b) Gátlisti vegna aðalfundar. Farið yfir það sem þarf að gera fyrir fundinn s.s. að auglýsa hann, kynna samþykktabreytingar, tillögur og ársreikning. Formenn nefnda hafa fengið dagsetningu um skil á þeirra skýrslum. Formanni falið að ráða fundarstjóra og bjóða gestum til fundarins. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort hægt verður að halda fundinn í Bugðusíðu þann 29. mars n.k.vegna fjöldatakmárka eða hvort leita þarf annarra leiða.

c) Breytingar á samþykktum: Koma þarf tillögum um breytingar á samþykktum félagsins og tillögum uppstillinganefndar á auglýsingatöflu í félagsmiðstöðvunum.

7. Heimsókn forstöðumanns félagsmiðstöðvanna. Bjarki Ármann Oddsson kom á fundinn og kynnti sig fyrir stjórnarmönnum. Hann hefur áður fundað með framkvæmdastjórn og verið í sambandi við formann félagsins frá því hann kom til starfa um s.l. áramót. Bjarki kemur úr starfi í Fjarðabyggð þar sem hann veitti forstöðu m.a. félagsstarfi eldri sem yngri íbúa. Bjarki sagði frá starfseminni framundan, þeim breytingum sem verða í Víðilundi vegna flutnings á hluta starfsemi Punktsins þangað.

Hann sagði frá nýju starfsfólki sem kæmi með og að hann væri áhugasamur um að samræma starfsemi félagsmiðstöðvanna með framboði á starfsemi á báðum stöðum. Hann myndi t.d. hafa sína starfstöð einn dag í viku í Bugðusíðu. Rætt var um störf nefnda félagsins, þau málefni sem helst brenna á félaginu m.a. stækkun salarins í Bugðusíðu, aðgerðaráætlunina o.m.fl.

8. Húsnæðismál: Voru rædd undir 7.lið. Nauðsynlegt er að þrýsta á um svör frá ráðamönnum bæjarins um hvort þau hyggjast verða við margítrekuðum óskum félagsins um viðbyggingu við salinn í Bugðusíðu.

9. Önnur mál: Ekkert bókað undir þessum lið.

Fundi slitið kl: 15.35.

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir ritaði fundargerðina.